

## Fundargerð

### 87. stjórnarfundur FHA haldinn 19. ág. 2016 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson, Guðmundur Kristján Óskarsson, Ólína Freysteinsdóttir og Auðbjörg Björnsdóttir.

Dagskrá:

1. Stjórn skipti með sér verkum  
Þorlákur Axel Jónsson verður ritari og Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri.
2. Fundartímar stjórnar  
Fundartímar stjórnar verða í hádeginu á mánudögum í oddatöluvikum. Fyrirhugað er því að halda fundi:
  - 12. sept. kl. 12:00
  - 10. okt. kl. 12:00
  - 7. nóv. kl. 12:00
  - 5. des. kl. 12:00
3. Upplýsingar um starfskjör félagsmanna í FHA
  - Stjórnunarskylda sem nemur 12% hefur aftur verið sett á starfsmenn FHA samkvæmt ákvörðun háskólaráðs HA.
  - FHA kys að ræða við HA um þýðingu þessa og hvaða störf falla undir stjórnunarskylduna.
  - Útfærslan á 1,65% hækkun launa er enn eftir.
  - *Skrefið* hefur ekki enn verið innleitt.
  - Veikindaréttur er til umfjöllunar á vettvangi BHM.
  - SALEK samkomulagið kom til umræðu. Heldur það?
  - Ójafnræði er á milli ríkisstofnana þegar kemur að launagreiðslum.
  - Aftur og enn ræðir stjórn FHA um þörfina á starfsmannastjóra/mannauðsstjóra.
  - FHA óskar eftir því að fá aðila frá BHM til að ræða hækkun lífeyrisaldurs.
  - Sjóðir: útbúa þarf yfirlit fyrir félagsmenn um tilvist og aðgengi.
  - GKÓ og AB verði í stjórn SFHA.
4. Námssjóður  
Fjórar (4) umsóknir í Námssjóð FHA voru samþykktar með fyrirvara um að þær uppfylli skilyrði þar um.
5. Fundarþóknun stjórnar  
Samþykkt var að fundarþóknun hækki í kr. 5.000,- fyrir hvern fund.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 12:40

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari